

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

g

GÚTTÓ ehf
H-prent
Silfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: halldor@bb.is

OG
JARÐAR

Köfunargúru og reddari

„Þegar einhver vantar eitthvað, þá er ég yfirleitt duglegur að redda því. Ef það er eitthvert vandamál, þá er ég vanur að redda bæði mér og öðrum.“
Simbi í Hafnarbúðinni stefnir á köfunarþjónustu þar sem hægt verður að veiða sér í matinn neðan-sjávar og elda í fjörunni. Sveinbjörn Hjálmarsson er í viðtali vikunnar.



— sjá bls. 10 - 13.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 27. mars 2014 · 12. tbl. · 31. árg. · Ókeypis eintak



Vetrarstilla á Pollinum

Umhverfisvænar-
Umhverfisvottaðar
hreinlætisvörur



sem virka



SMÍÐJAN

VERSLUN SINDRAGÖTU 12

Opið mánudaga til föstudaga 8-18
Opið laugardaga 10-14
Sími: 456-1300

Kíktu til okkar
í Hafnarstræti 9
Ísafirði



Afgreiðslutími:

Virka daga 10:00-22:00

Lau & sun 11:00-22:00

SUBWAY

EINFÖLD REIKNIVÉL
Á eBOX.IS

eBOX
auðveldar smásendingar



Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA
SMÆRRI SENDINGAR



eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskips á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

Eimskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

EIMSKIP
eBOX

Sjö daga mokstur kostar 18 milljónir

Áætlaður aukakostnaður við laugardagsmokstur þjóðvega 60 og 61 er 18 milljónir króna. Þetta kemur fram í svari Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, innanríkisráðherra, við fyrirspurn Haraldar Benediktssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokks, um kostnað við sjö daga mokstur á vegunum. Áætlaður kostnaðarauki við að halda úti snjómokstri alla daga vikunnar um 8 milljónir króna en frá Brjánslæk til Vesturbýggðar og Tálknafjarðar er í dag sjö daga þjónusta. Í þessum tölum er ekki gert ráð fyrir hækkuðum þjónustuflokki með hálkuvörnum til jafns við t.d. hringveg frá

um 10 milljónir króna á ári en frá Súðavík er í dag sjö daga þjónusta til Ísafjarðar og Bolungarvíkur.

Á þjóðvegi 60 frá Búðardal til Brjánslækjar, ásamt leiðinni frá Vestfjarðavegi að Reykhólum, er áætlaður kostnaðarauki við að halda úti snjómokstri alla daga vikunnar um 8 milljónir króna en frá Brjánslæk til Vesturbýggðar og Tálknafjarðar er í dag sjö daga þjónusta. Í þessum tölum er ekki gert ráð fyrir hækkuðum þjónustuflokki með hálkuvörnum til jafns við t.d. hringveg frá

Hvalfirði til Akureyrar, en meðalvetrumferð á þessum langleiðum er innan við 50 bílar/sólarhring í Barðastrandarsýslum frá Djúpvegi til Patreksfjarðar og innan við 100 bílar/ sólarhring í Ísafjarðardjúpi frá Vestfjarðavegi að Súðavík.

Í svari innanríkisráðherra kemur fram að aukakostnaður við að hækka þjónustutíg um einn flokk sé 150 milljónir króna á ári og tekið fram að illmögulegt er að hálkuverja svo fáfarna vegi þar sem hálkuvörnarefni hafi tak-



markaða virkni nema veruleg umferð sé til staðar.

Haraldur spurði ráherra einnig hvort stefnt væri að því að moka þessa vegi alla daga og hálkuverja til jafns við það sem er gert á þjóðvegi 1. Hanna Birna svaraði því til að það stæði ekki til að svo stöddu vegna mikils halla á fjárlagalið vegabjónustu sem kemur

fyrst og fremst til vegna mun meiri kostnaðar við vetrarþjónustu. Ný samgönguáætlun var nýlega lögð fram og Hanna Birna sagði að vonir standa til að frá og með næsta ári verði auknu fjármagni varið til vegagerðar og vegabjónustu og gangi þær eftir verði skoðað að auka þjónustustig á Vestfjarðavegum 60 og 61.

ATVINNA Í BOÐI !

Leitum að aðilum til að sinna dreifingarverkefnum.

Vegna aukinna verkefna á sviði dreifinga leitum við að ábyrgum og duglegum aðila til að sinna dreifingu á blöðum og tímaritum til heimila og fyrirtækja einn til tvo daga í viku á **Ísafirði**

Áhugasamir hafið vinsamlega samband við dreifingardeild í síma 585 8300 eða sendið tölvupóst á dagny@postdreifing.is

Hlökkum til að heyra frá þér.

Póst dreifing

Póstdreifing ehf | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík
www.postdreifing.is



Útboð

Bolungarvíkurkaupstaður óskar eftir tilboðum í frágang innanhúss í suðurálmú hjúkrunarheimilis að Aðalstræti 20-22 í Bolungarvík. Um er að ræða breytingar á sjö íbúðum á 1. hæð Aðalstrætis 22. Fjarlægja þarf milliveggi úr timbri og vikursteini, saga hluta steyptra veggja og stækka hurðargöt. Endurnýja þarf allar innihurðir, innréttingar og gólfefni. Breyta þarf raf-lögnum og hreinlætislögnum.

Brúttó grunnflötur húsnæðisins er um 390m². Verklök eru áætluð 15. ágúst 2014.

Útboðsgögn eru afhent á skrifstofu Bolungarvíkurkaupstaðar, Aðalstræti 12, Bolungarvík.

Tilboð verða opnuð á sama stað fimmtudaginn 10. apríl 2014, kl. 11:00.

Bolungarvíkurkaupstaður.

Fermingarveislur á Hótel Ísafirði

Smaréttaborð, kaffihlaðborð,
heitar súpur eða heitir réttir á hlaðborði

Fallegir dúkar og servíettur,
rúmgóður og bjartur salur

Leiga á sal, dekkningar,
þjónusta og frágangur er innifalinn

Láttu fagfólk sjá um veisluna og njóttu dagsins.

Upplýsingar í síma 456 4111

VIÐ POLLINN
Veitingar á Hótel Ísafirði



Ástkær sambýliskona mín, móðir, dóttir,
amma, tengdamóðir, systir og mágkona

Guðrún Jóhannsdóttir
Stórholti 21, Ísafirði

lést á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Ísafirði, 16. mars. Útför hennar fer fram frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 29. mars kl. 14:00.

Björn Bergsson
Jóhann Pétur Guðmundsson
Bjarki Guðmundsson
Jóhann Pétur Ragnarsson
Guðmundur Jens Jóhannsson
Soffía Þóra Einarsdóttir
barnabörn og aðrir aðstandendur.



Fermingargjöf fyrir framtíðarfólk

Framtíðarreikningur Íslandsbanka er góð fermingargjöf

Með honum geta foreldrar, ömmur, afar, frændur og frænkur tryggt fermingarbarninu veglegan sjóð sem losnar við 18 ára aldur, um það bil þegar næstu stóru áfangar í lífinu blasa við. Framtíðarreikningur ber ávallt hæstu vexti almennra verðtryggðra innlánsreikninga bankans og er því góður valkostur fyrir langtímasparnað.

Hægt er að stofna og leggja inn á Framtíðarreikning í útibúum Íslandsbanka.

Leggðu fermingarpeningana inn á Framtíðarreikning

Þeir sem leggja fermingarpeningana sína, 30.000 kr. eða meira, inn á Framtíðarreikning Íslandsbanka geta fengið **5.000 kr. í mótframlag** inn á Framtíðarreikninginn sinn.*

*Eitt framlag fyrir hvert fermingarbarn

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki



Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmenn: Halldór Sveinbjörnsson, Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamenn: Harpa Oddbjörnsdóttir, 846 7487, harpa@bb.is Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bb.is
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfundum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánuðögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Vindmillur

Flestum ber saman um að virkjun Hvalár í Ófeigsfirði á Ströndum er sá kostur nærtækastur, sem ekki aðeins myndi tryggja stöðugleika raforku á Vestfjörðum, heldur einnig auka möguleika á að þangað sæktu orkufrek iðnfyrirtæki, nokkuð sem nú er ekki í boði. Þröskuldurinn í vegi virkjunar Hvalár er tengigjaldið, sem stjórnvöld segja ekki mögulegt að fella niður í gildandi lagaumhverfi. Lagaflækjur ættu þó ekki að þvælast fyrir að gjaldið verði greitt úr sameiginlegum sjóði, ríkissjóði, frekar en við blasir að gert verði með einum eða öðrum hætti vegna framkvæmda á Bakka við Húsavík.

Fyrir skömmu sendi Orkustofnun bréf til verkefnastjórnar þriðja áfanga rammaáætlunar, þar sem lagður er fram listi yfir 91 virkjanakost, til umfjöllunar. Um er að ræða 49 vatnsaflsvirkjanir, 30 virkjanir í jarðvarma og fjórar vindrafstöðvar. Af þessu eru 15 nýir kostir í vatnsafl, átta í jarðvarma og fjórar í vindorku.

Pótt BB hafi ekki undir höndum skrá yfir þær hugsanlegu virkjanir sem tilgreindar eru í bréfi Orkustofnunar, er auðráðið af fréttum að lítið fer fyrir Vestfjörðum á landakorti stofnunarinnar. Þó verður ekki fram hjá því horft að örlítil blek klessa hafi hrotið úr teiknipennanum á Vestfjarðakjálkann, nánar til tekið á Ströndum. Í Fréttablaðinu 22. þ.m. er haft eftir Kristni Einarssyni, yfirverkefnastjóra auðlindanýtingar hjá Orkustofnun, að tilgreindir virkjanakostir séu þeir vænlegustu, sem birtir voru í Hvítbók iðnaðarráðuneytisins frá árinu 1994: „Við bættum svo við tveimur kostum í vindorku til viðbótar við hugmyndir Landsvirkjunar. (Og látið ykkur nú ekki bregða, vestfirskir lesendur) Annars vegar Þröskuldum, vegna þess að það skortir orku á Vestfjörðum og einnig við Þorlákshöfn. Þar vildum við láta skoða hvort menn vilja vindmyllur á láglendi nálægt byggð.“

Já, það verður engu logið um Þröskuldana (á betur við í þessu tilfelli en að tala um bjálkana) í augum ráðamanna í garð Vestfirðinga. Vindmyllur á Þröskuldum til lausnar á orkuvandanum á Vestfjörðum!!! Getur mönnum verið alvara? Ætla stjórnvöld að reyna að telja Vestfirðingum trú um að vandinn sem stafar af „þriðja flokks raforkukerfi, (sem er) hvorki stjórnvöldum né orkufyrirtækjum, til sóma,“ eins og þáv. iðnaðarráðherra, Össur Skarphéðinsson, orðaði það á fundi með sveitarstjórn Árneshrepps í ágúst 2008, verði leystur með viðunandi hætti með dísel-rafstöð í Bolungarvík og vindmyllum á Þröskuldum?

Á hinu háa Alþingi hefur borið við að auglýst hafi verið eftir ráðherra. BB auglýsir hér með eftir þingmönnum NV-kjördæmis! Hvernig væri að þeir létu til sína heyra! Hafa þeir engar áhyggjur af þessu? (Og utan dagskrár: Er endanlega búíð að hnoða starfsstöð Fiskistofu á Ísafirði saman við írska smjörrið á Selfossi? Gerist þetta bara svona?) – s.h.

Spurning vikunnar

Hvort nýtir þú þér flug eða bíl til að ferðast milli landshluta?

Alls svöruðu 527.
 Flug sögðu 88 eða 17%
 Bíl sögðu 439 eða 83%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Kostnaðurinn kominn yfir 22 milljónir króna

Kostnaður við ritun sögu Alþýðusambands Vestfjarða er kominn yfir 22 milljónir króna og hefur staðið yfir í rúman áratug, og hefur eitt af þremur bindum verið gefið út. Ljóst að kostnaðurinn á eftir að aukast verulega. Kostnaður við fyrsta bindið varð tæplega 17 milljónir króna, samkvæmt svari ritnefndar sögu verkalýðshreyfingarinnar á Vestfjörðum, við fyrirspurn Fréttablaðsins. Þar segir jafnframt að engin kostnaðaráætlun hafi verið gerð, heldur hafi höfundinum verið greitt í samræmi við vinnustundir í hverjum mánuði. Engin kostnaðaráætlun var gerð áður en ráðist var í útgáfuna árið 2001, og engin áætlun er til um endanlegan kostnað við verkið að sögn Karítasar M. Pálsdóttur sem á sæti í ritnefndinni. Renndu þau aðeins blint í sjóinn með segir hún gerðu þau engu kostnaðaráætlun. „Höfðum sjálfsgætt ekki hugsum á það eða kunnáttu,“ sagði Karítas.

Sigurður Pétursson sagnfræð-


ingur var fenginn til verksins í lok árs 2002 og upplýsti hann í grein sem birtist hér í BB í maí 2010 að hann hafi fram að þeim tíma þegið um 12,4 milljónir króna í laun frá Alþýðusambandi Vestfjarða. Í svari ritnefndarinnar til Fréttablaðsins kemur fram að greiðslur til höfundar fyrir fyrsta bindið hafi numið alls 9,8 milljónum króna. Skýringin fyrir viðbótinni við greiðslur fyrir söguritunina hafi hann fengið fyrir flokkun og frágang á skjölum og munum frá verkalýðsfélögunum. Annar kostnaður við útgáfuna var rúmar 7 milljónir kr.

Kostnaður við annað bindið er kominn í tæpar 5,5 milljónir króna, og kostnaður við ritun sögu verkalýðsins á Vestfjörðum því kominn yfir 22 milljónir samantlagt. Og ljóst er að enn á eftir að bætast við þar sem ekki hefur verið gert ráð fyrir kostnaði við umbrot og prentun annars bindis né kostnaði við þriðja bindið. Í svari frá ritnefndinni við fyrirspurn Fréttablaðsins kom fram

að frá upphafi hafi verið ákveðið að skrifa söguna í þremur bindum. Hinsvegar sagði Sigurður í fyrrgreindri grein á BB að reiknað hafi verið með því að sagan kæmi út í tveimur bindum, en gat þess þó að fyrsta bindið væri „hugsanlega fyrsta af þremur“.

Karítas sagði að þetta hljóti að hafa verið misskilningur hjá Sigurði, alltaf hafi verið talað um þrjú bindi. Sigurður sagði í samtali við Fréttablaðið að þegar hafi verið ákveðið að ekki ætti eingöngu að skrifa sögu verkalýðsfélaganna, heldur líka sögu atvinnumála á Vestfjörðum, hafi verið ljóst að verkið þyrfti að fylla tvö til þrjú bindi hið minnsta. Í svari ritnefndarinnar kemur fram að áformað sé að gefa út annað bindi sögu verkalýðshreyfingarinnar á þessu ári, og það þriðja og síðasta árið 2016.

„Við teljum að við höfum ekki farið úr böndum þó tíminn hafi orðið miklu lengri en við gerðum okkur grein fyrir í upphafi,“ sagði Karítas. – harpa@bb.is



Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.

Ein ljósmóðir starfandi

Tvær ljósmæður voru starfandi á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða fram á síðasta haust þegar Halldóra Karlsdóttir ljósmóðir fór í ársleyfi. Erla Rún Sigurjónsdóttir ljósmóðir fór í fæðingarorlof í maí og var Sigrún Rósa Vilhjálmssdóttir ráðin til eins árs í hennar stað. Síðan Halldóra fór í leyfi hefur Sigrún Rósa starfað ein þar sem ekki hefur tekist að ráða í afleysingarstöðu með henni en alla jafna ættu að vera tvær ljósmæður starfandi við stofnunina. Sigrún kemur til með að starfa ein þar til Erla Rún kemur úr fæðingarorlofi í maí. Sigrún Rósa fer síðan til starfa annars staðar í sumar svo Erla Rún verður ein á


meðan ef ekki næst að ráða inn afleysingu en HsVest hefur auglýst eftir ljósmóðum í 80-100% afleysingarstöðu síðan í febrúar.

Aðspurður í haust hvort nægilegt væri að hafa eina ljósmóðir starfandi og eða hvort stofnunin hygðist þá reyna að fá ljósmóðir í styttri tíma til að leysa af sagði Hörður Högnason, framkvæmdastjóri hjúkrunar hjá stofnuninni, að það yrði gríðarlega erfitt fyrir eina manneskju að standa undir öllum vöktum, sérstaklega bakvöktum því þær geti verið langar. Sú varð þau raunin því ekki tókst að ráða í afleysingarstöðu, að undanskildum einni og einni viku þegar fengin var ljósmóðir annars

staðar frá.

Erla Rún og Sigrún Rósa eru báðar einungis með tímabundna ráðningu og aðspurður um málið segir Þröstur Óskarsson framkvæmdastjóri HsVest að þegar ríkisstarfsmaður hefur unnið í meira en þrjú mánuði þá telst hann fastráðinn nema um tímabundna ráðningu sé að ræða. „Erla hefur verið með tímabundna ráðningu en fastráðning er handan við hornið. Sigrún hefur líka verið með tímabundna ráðningu og gerður verður við hana nýr samningur. Halldóra Karlsdóttir er fastráðin ljósmóðir en er í leyfi.“

– harpa@bb.is



1259
krónur kg.

Ali Bayonne-skinka 1.FLOKKUR



598
krónur kg

Ferskur Ali Grísabógur



1259
krónur kg.

Bónus Hamborgarhryggur



798
krónur 2 ltr.



1398
krónur kg.

KJARNAFÆÐI ÍSLENSKT HEIÐALAMB Íslenskar kryddjurtir



598
krónur 565g

Cheerios Honey 565g



198
kr. 125g



1259
krónur kg.

Kaupfél. Skagf. Heilt lambalæri FROSID



198
krónur 300g

Homeblest kex 300g



279
krónur 1 ltr.

EUROSHOPPER
Sólblóma & Repjumatarolía



1498
krónur kg.

Kaupfél. Skagf. Lambalæri í sneiðum FROSID



1998
krónur kg.

100% KJÖT

Frosin Kalkúnabringa

EUROSHOPPER OFNBAKAÐAR PIZZUR



298
krónur 350g



229
krónur 300g



289
krónur 250ml



3998
krónur kg.

Frá Þýskalandi Frosin nautalund



198
kr. 2 ltr.



Komin upp erfiðasta hjallann!

„Eftir tvo uppskurði, lyfja- og geislameðferð með tilheyrandi aukaverkunum er ég loksins komin upp erfiðsta hjallann og útsýnið er dásamlegt,“ segir Ísfirðingurinn Elsa Guðbjörg Borgarsdóttir, sem greindist með illkynja æxli í brjósti í haust. Stuttu síðar fundust tvö æxli í leginu og í febrúar á þessu ári kom eitt æxlið í viðbót í ljós, í vinstri eggjastokki. „Niðurstöður úrsýnum og vefjagreiningu úr seinni uppskurðinum þar sem leg, legháls, eggjaleiðarar og eggjastokkar voru fjarlægðir sýndu að æxlin sem þar voru reyndust öll góðkynja. Þvílíkt spennufall og léttir. Nú er ekkert annað en að vera bjartsýn, jafna sig eftir meðferðir síðustu mánuði og styrkja hug og líkama,“ segir Elsa.

BB hefur fylgst með baráttu

hennar síðustu mánuði og óneitanlega er gleðilegt að fá loks góðar fréttir. „Ég get ekki sagt að síðustu mánuðir hafi verið auðveldir, hvorki fyrir mig eða þá sem næst mér standa. Þetta er búið að reyna mjög á, bæði líkamlega og ekki síst andlega. En maður hefur ekkert val að slá af eða gefast upp, heldur spíta í lófana og halda áfram. Næstu mánuði þarf ég að mæta ört í eftirlit til Reykjavíkur en síðan á sex mánaða fresti næstu fimm árin ásamt því að halda áfram að taka inn krabbameinslyf. Og ekki síst að muna að setja sjálfa mig á bremsuna og gefa mér tíma. Tíma sem ég hef svo sem nóg af næstu mánuði því samkvæmt því sem undan hefur gengið þá þarf ég að gefa mér jafnvel árið til að verða eins og ég var áður en öll þessi



Elsa Guðbjörg Borgarsdóttir.



Sjálfstæðisflokkurinn

Frestun aðalfundar

Aðalfundur fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna sem halda átti fimmtudaginn 27. mars er frestað til þriðjudagsins 15. apríl. Fundurinn verður haldinn í Sjallanum kl. 20:00.

Dagskrá aðalfundar:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Önnur mál.

Stjórn fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Ísafjarðarbæ.



Starfsmenn óskast

Íslenskir aðalverktakar hf., óska eftir að ráða góðan ýtumann og 2-3 bílstjóra vegna framkvæmda við ofanflóðavarnir á Ísafirði. Reiknað er með að vinna hefjist í byrjun maí. Þá vill fyrirtækið ráða 2-4 starfsmenn í grindarvinnu á sama stað upp úr miðjum júní.

Nánari upplýsingar gefa Jón Gunnar Stefánsson, verkstjóri í síma 660 8126 og Leó Jónsson, verkefnastjóri í síma 693 4294.

ósköp gengu yfir.

Það er skrýtin tilfinning sem hellist yfir mann þegar maður heyrir í fyrsta sinn „þú ert með illkynja brjóstakrabbamein.“ Það er eins og öll skynfæri dofnir og heilinn nái ekki að meðtaka allar upplýsingar. Í mínu tilfelli var ég svo dofin fyrir þessu öllu saman að það var ekki fyrr en ég var á leið í fyrri uppskurðinn að ég fattaði allt einu að þetta var ég, það var ég sem var með krabbamein. Þá fyrst gerði ég mér grein fyrir alvarleika málsins,“ segir Elsa.

Barátta hennar og fjölskyldunnar hefur verið erfið og fjölmargir, nær og fjær, hafa stutt og styrkt þau. Sem dæmi stofnuðu vinir og vandamenn hennar og eiginmannsins, Ásgeirs Hólm Agnarssonar, sem einnig er Vestfirðingur, styrktarreikning og styrktarsíðu fyrir þau hjónin en þar lætur Elsa Guðbjörg reglulega vita af sér og fylgjast hátt í þúsund manns með gangi mála í baráttunni. Ingileif Ástvaldsdóttir, skólastjóri Þelmerkurskóla að Laugalandi í Hörgárdal, hefur á síðustu vikum heklað utan um

glerkrukkur til styrktar Elsu og konur í Árneshreppi á Ströndum tóku sig saman fyrir skömmu og héldu tombólu og kaffisölu í Félagshöllum til styrktar henni.

„Í huga mínum og hjarta er ég óendanlega þakklát fyrir allan þann stuðning sem ég hef fengið, hvort sem það hafa verið falleg orð, faðmlag, bros eða innlegg inn á styrktarreikninginn. Þetta hefur stutt mig og styrkt til að takast á við þessa erfiðleika. Fyrir mér var þetta bardagi og eftir stend ég uppi með örin mín sem sigurtákn,“ segir Elsa Guðbjörg.



Fyrsta skúta ársins komin

Franska seglskútan La Louise kom til hafnar á Ísafirði í síðustu viku, fyrst „farfluglanna“ til að koma þetta árið. Skipstjóri og eigandi skútunnar er Thierry Dubois en hann smíðaði skútuna sjálfur. Hann hefur áður komið til Ísafjarðar og hefur siglt með ferðamenn um Jökulfirði síðla vetrar og fram á vor. Í apríl siglir hann til vesturstrandar Grænlands og verður þar í siglingum með ferðamenn fram í lok ágúst.

AF ÞVÍ AÐ LÍFIÐ ER SALTFISKUR



ÖFLUG OG SÉRNIÐIN FYRIRTÆKJAFJÓNUSTA

Það er að mörgu að hyggja við tryggingar útgærða og annarra sjávarútvegs-fyrirtækja. Huga þarf að öryggi fólks, skipa og húseigna. Við bjóðum jafnt stórum sem smáum fyrirtækjum í sjávarútvegi alhliða váttryggingalausnir og veitum ráðgjöf um áhættu og forvarnir.

**Hafðu samband við ráðgjafa í síma 440 2000
eða á fyrirtaeki@sjova.is**

ÞESS VEGNA ERTU HJÁ SJÓVÁ

SJÓVÁ





Ríkisútvarpið og jafnræði fjölmiðla

Þegar stutt er í kosningar og umræður á Alþingi snúast um flest annað en pólitík verður mörgum hugsað til Ríkisútvarpsins, sem starfar eða ætti að gera það eftir lögum frá þessu sama Alþingi. Fáum hugsandi mönnum dylst hver afstaða starfsmanna Ríkisútvarpsins, eða að minnsta kosti þeirra sem ráða þar för, er þegar kemur að stjórnámálum, einkum að umræðum um Evrópusambandið og umsókn íslenska lýðveldisins að því sambandi. Að halda því fram að þar á bæ sé mikill vilji til þess að lýðveldið Ísland gerist aðildarríki að Evrópusambandinu er mjög högvært. Sjónarmið um hugsanlega galla fyrir smáriki með miklar náttúruauðlindir sem aðildarríki að sambandi þar sem hinir stóru ráða öllu og smáfuglarnir engu, komast ekki að í Ríkisútvarpinu.

Þótt ljóst sé að minnihluti þjóðarinnar sé hlynntur Framsóknarflokki er líka ljóst að flestum hugsandi mönnum ofbýður á stundum afstaða hinna sjálfskipuðu „eigenda“ Ríkisútvarpsins til flokksins. Starfsmenn hafa ekkert til þess lagt umfram aðra skattgreiðendur, en þiggja laun frá almenningi og ættu því að gæta hlutlægni og hlutleysis, en gera það ekki þrátt fyrir launin. Nýráðinn útvarpsstjóri hefur sagt upp sviðsstjórum og Ríkisútvarpið tekur það upp sem árás á fréttastjóra, hvers ágæti oft hefur verið deilt um. Það er sérkennileg staða sem í raun lýsir

vanda þessarar ríkiseignar ohf. Enginn alvöru stjórn er við lýði, en raunveruleg stjórn er að innan, af hálfu þess hóps sem vill öllu ráða, en þó ekki með hagsmuni almennings af hlutlausum fréttaflutningi, því miður. Verk hins nýráðna útvarpsstjóra verður erfitt. Honum hefur verið gerð grein fyrir því að við fréttastjóranum skuli ekki hróflað.

Hið alvarlega er þó að þrátt fyrir sérstaka skattlagningu á almenning til þess að halda þessu gamaldags bákni á floti er tapið af rekstrinum mikið, vel yfir hálfan milljard síðasta árið. Væri þetta alvöru hlutafélag væru bréfin í því fallin í verði og búið að skera niður og fitulagið af. Kannski hefðu stjórnendur og hluthafar komist að þeirri niðurstöðu að leggja félagið niður. Það verður ekki sagt að aðrir fjölmiðlar sitji við sama bordið, ekki ríkir jafnræði með þeim því ríkisútvarpið hefur gríðarlega forgjöf umfram þá. Þökk sé skattinum.

Í nútímasamfélagi er ekki þörf ríkisútvarps eins og hins íslenska. Fjölmiðlun er vandsöm og ekki ávallt á hana að treysta. Ríkisútvarpið hefur tækifæri til að sveigja af óheillabraut skuldafélagunar og hlutdrægra fréttu. Takist því það ekki fyrir næstu kosningar hlýtur krafa skattgreiðenda að vera sú að leggja það niður í eitt skipti fyrir öll. Þess er ekki lengur þörf, því miður.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



Frábær stemmning á árshátíð Ísafjarðarbæjar



Árshátíð Ísafjarðarbæjar var haldin á laugardag og heppnaðist með þryði. „Hún var einnig haldin í fyrra eftir hafa fallið niður í nokkur ár og fólki var farið að hlakka til að mæta í ár, sem sýnir sig í fjölgun gesta, það voru um 160 í fyrra og 200 núna Starfsfólk bæjarins er að vinna gott starf og erum við fullviss um að árshátíð sem þessi skili ánægðari starfsmönnum og meiri samheldni meðal starfsmanna bæjarins,“ segir Þórdís Sif Sigurðardóttir sem átti sæti í árshátíðarnefnd ásamt þeim Önnu Guðrúnu Gylfadóttur, Jennýju Jensdóttur, Ragnhildi Ingu Sveinsdóttur, Stefaníu Ásmundsdóttur og Guðrúnu Guðmundsdóttur.

Um 200 manns sóttu hátíðina sem var fyrir alla starfsmenn Ísafjarðarbæjar, allt frá skólum til hafna. Skemmtiatriði voru mestmegnis í starfsmanna en veislustjóri var Málfríður Hjaltadóttir og sá vertarnir á Edinborg Bistró bar um matinn og var mjög mikil ánægja með hann. Að loknu borðhaldi léku Guðmundur Hjaltason og Stefán Jónsson fyrir dansi og að sögn Þórdísar Sifjar var frábær stemmning. „Um leið og bandið byrjaði að spila var fullt af fólki á dansgólfinu,“ segir Þórdís Sif. Ljósmyndari BB mætti á svæðið og tók þar meðfylgjandi myndir.

Simbi í Hafnarbúðinn

Sveinbjörn Hjálmarsson á Ísafirði er líklega öllu þekktari um land allt sem Simbi í Hafnarbúðinni. Komum að því síðar. Í símaskránni er hann titlaður köfunargúrú og reddari. Komum líka að því síðar. Sveinbjörn er fertugur en verður fjörutíu og eins á morgun, föstudag. Hann er upprunninn syðra, átti heima í Gufunesi fyrstu átta æviárin en síðan í Nedra-Breiðholti.

„Það má segja að strax á æskuárum hafi ég smitast af sjávarbakteríunni, því að ég var í og við sjóinn bókstaflega alla daga. Það breyttist nú aðeins þegar við fluttum í Breiðholtið 1981. Þar vorum við þangað til ég kláraði grunnskólann, og aðeins lengur, þangað til ég flutti með mömmu á Langholtsveginn. Ég kláraði samræmdu prófin í níunda bekk og fór svo ekkert meira í skóla heldur fór að vinna við smíðar með pabba, sem er smíður,“ segir hann.

Eiginkona Sveinbjarnar er Sóley Huld Árnadóttir snyrtifræðingur. Þau fluttust vestur á Ísafjörð árið 2007 ásamt þremur börnum, en fjórða barnið hefur bæst í hópinn síðan. Þau voru dálítill kunnug á Ísafirði eftir að hafa verið hjá Halldóru Björk Norðdahl þrjú sumur í röð, en hún var eina manneskjan á svæð-

inu sem þau þekktu.

„Sóley og Halldóra höfðu verið saman í menntaskóla og héldu góðu sambandi upp frá því. Það var svo rosalega gaman á Ísafirði að við ákváðum bara að prófa eitthvað nýtt og fluttum hingað. Elsti strákurinn okkar hafði átt í dálitlum erfiðleikum í skólanum fyrir sunnan og við vildum líka gefa honum nýtt tækifæri til að sanna sig á nýjum stað. Það gekk svo sannarlega eftir, hann er að standa sig mjög vel í dag og býr nú fyrir sunnan,“ segir Sveinbjörn.

Fyrst í 3X-Stáli og síðan í Hafnarbúðinni

„Við höfðum það ágætt þó að við ákváðum að flytjast vestur. Ég var í góðri vinnu í Margt smátt, konan mín var búin að læra snyrtifræði og vann á snyrtistofu og við vorum í húsnæði sem við áttum sjálf. Eftir að við komum vestur vann ég í stuttan tíma í 3X-Stáli, hafði áður fengist aðeins við járnsmíði og þess háttar, þannig að ég kunni aðeins fyrir mér í því. Ekkert menntaður, bara með smá reynslu. Við flytjum í júní 2007 og ég vann í 3X frá júlí og fram í nóvember. Þá fer ég að vinna í Hafnarbúðinni og hef verið þar síðan eða nokkuð á sjöunda ár.“

– Í símaskránni ertu skráður köfunargúrú og reddari. Hvað felst í titlinum reddari?

„Þetta er nú eiginlega bara grín. En ég er yfirleitt duglegur að redda

hlutunum, þegar einhvern vantar eitthvað, þá er ég yfirleitt duglegur að redda því. Ef það er eitthvert vandamál, þá er ég vanur að redda bæði mér og öðrum.“

– En köfunargúrú?

„Ég byrjaði að læra köfun 1995 eða fyrir bráðum tuttugu árum, tók þá byrjendanámskeiðið og hef verið að kafa alla tíð síðan. Með tímanum hef ég bætt á mig námskeiðum sem hægt hefur verið að taka hér heima hverju sinni og búinn í rauninni að læra allt sem hægt er. Árið 2001 fékk ég réttindi til að vera leiðsögu- maður í köfun, PADI Divemaster [innskot: PADI er skammstöfun fyrir Professional Association of Diving Instructors]. Svo var það loksins á síðasta hausti sem ég fór og tók köfunarkennarann.“

Byrjaður að kenna köfun

– Og ertu farinn að nýta þér þau réttindi?

„Já, ég er aðeins byrjaður að kenna. Ég er núna með nokkra stráka á PADI Open Water. Það er byrjendanámskeið í köfun sem veitir þeim alþjóðleg köfunar- réttindi niður á 18 metra.“

– Hvar eruð þið þá að kafa?

„Við erum búinir að vera hérna í Pollinum á Ísafirði og svo líka við Arnarneshamar.“

Það er flottur staður til að kafa, eigum svo eftir að kafa neðan við kirkjugarðinn í Hnifsdal ef veður leyfir.“

– Hvar hefurðu helst verið að kafa sjálfur eftir að þú komst vest-

ur?

„Hreinlega alls staðar í Djúpinu. Langmest þó hérna við Arnarnesið og inni í Álftafirði, inni í Reykjanesi, í Arnarfirði, Dýrafirði, Önundarfirði og Súganda. Straumkafanir og flakaköfun í Mjóafirði við nýju brúna, sá staður er æðislegur. Svo fyrir utan kirkjugarðinn í Hnifsdal, þar er flott rif sem nær langt út í sjó og með miklu lífi. Þegar skyggni er gott, þá er þetta alveg rosalega flott. Dýpið þar er sirka tuttugu metrar, þannig að þetta er gott fyrir byrjendur.“

– Þegar komið er niður í sjóinn, er einhver munur á lífríkinu inni í Djúpi og við úthafið fyrir sunnan?

„Nei, í rauninni ekki. Botnlagið er náttúrulega misjafnt, alveg sama hvar maður er, en allt dýralíf og allar lífverur í rauninni eins, allir litir mjög svipaðir. Þetta er bara spurning um skyggni og botngerð.“

Veidir í matinn neðansjárvar

– Sérðu mikið af fiskum?

„Þegar maður er að kafa á sumrin, þá sér maður alltaf torfurnar bæði af ufsa og þorski. Það þýðir ekkert að fara inn í torfurnar, um leið og þú blæst frá þér loftbólunum fælast fiskarnir aðeins. Þeir koma samt aftur, þeir fara ekki langt.“

– Hefurðu séð hákarl eða hval þegar þú hefur verið að kafa?

„Nei, ég hef hvorki séð hákarl né hval, en ég hef séð sel.“

– Hvaða dýr er helst að sjá á botninum?

„Fullt af skeljategundum, svo eru krossfiskar, mikið af flatfiskum, marhnútar, sexstrendingar, rauðmagar og steinbítar og skötuselir eru algengir, og nokkrar krabbategundir, einbúakrabbar eða kuðungakrabbar, og marglyttur. Það er rosalega mikið líf á sumrin.“

– Veidirðu í matinn þegar þú ert að kafa?

„Já, ég hef gert það.“

– Ufsann og þorskin?

„Já, en frekar þorskin samt því hann er aðeins gæfari og líka betri á bragðið, og steinbít og skötusel. Yfirleitt þegar þú ert að kafa og sérd mjög stóran stein sem liggur ekki alveg flatur niðri í botninum þannig að þú getur kíkt undir hann, þá er yfirleitt alltaf einhver einn stór fiskur þar, þorskur eða steinbítur eða eitthvað. Ef þú ert með langan þrjón með agnaldi, þá er leikur einn að stinga og ná honum undan þannig, eða skutulbyssu, þá getur maður auðveldlega náð honum. Skötuselurinn er mikið á sandbotninum hér í kring. Það er ekkert mál að taka hann. Já, það er nóg líf hérna!“

– Ertu þá með poka undir veiðina?

„Já, ég er með netapoka. Það er oft sem maður tekur hann með í köfunina ef maður skyldi finna eitthvað.“

– Er þetta ekki gaman?

„Alveg rosalega gaman! Það

Sælkerar vikunnar eru Sóley Veturliadóttir og Gylfi Þ. Gíslason á Ísafirði

Föstudagspizzan og tartalettur tengdó

Á okkar heimili er orðin hefð að baka pizzu á föstudagskvöldum. Það hefur meira að segja heyrst að föstudagar séu ónýttir ef pizzan er ekki í boði. Þessi uppskrift er gömul og hefur þróast nokkuð. Hún er alltaf vinsæl og hafa gestir í afmælum barna okkur tekið vel til matar síns og talað um hvað pizzan er góð.

Botninn góði

1 bollí volgt vatn
1 tsk sykurl
1 msk olía
½ bréf þurrger
2-3 bollar hveiti
1 tsk salt.

Ég nota alltaf hnoðskál til að gera botninn og byrja á því að setja vatnið, sykurlinn og olíuna. Set svo gerið út í og læt bíða

augna-blik. Síðan set ég tvo bolla af hveiti og saltið. Stundum set ég eitthvað spennandi krydd saman við. Skálinni er svo lokað og hrist duglega. Deigið er svo hrært aðeins betur saman en ekki hnoðað alveg saman. Það er betra ef það er aðeins blautt.

Skálin er síðan sett í volgt vatn í vaskinum og látin bíða meðan deigið hefast eða í ca 30 mín. Að því loknu er deigið hnoðað saman og viðbótar hveiti sett saman við eftir þörfum. Botninn er síðan flattur út og passar þessi uppskrif á eina ofnplötu.

Álegg er síðan eftir smekk hvers og eins. Við notum oft bara það sem er til, t.d. kjúklingaafganga, skinku, nautahakk og alls konar osta, t.d. mexícóost og stundum fetast. En alltaf þarf að vera pizzasósa, pizzaostur og pepperoni. Við endum alltaf á að

setja pepperoníð, annars lekur osturinn bara af, ef hann er settur ofan á það. Bakað í ofni við 180° í ca 20 – 30 mín, eða þar til botninn er bakaður.

Við ætlum einnig að bjóða upp á rétt sem er forréttur hjá okkur á með hangikjötinu á jóladag en gengur alltaf. Þetta eru tartalettur sem tengdamóðir mín heitin gerði alltaf fyrir fjölskylduna.

Tartalettur

Tartalettur (fjöldi fer eftir fjölda gesta, fínt að áætla ca 2 á mann)

Tómatsósa
Peyttur rjómi
Skinka, skorin í bita
Rifinn ostur.

Tartalettur eru smurðar að innan með tómatsósunni. Rjóminn er peyttur og niðurskorin skinkan sett saman við rjómann.



Þetta er svo sett í tartaletturarnar. Tartalettan má vera alveg full, því þetta hjaðnar. Síðan er rifni osturinn settur yfir og allt svo inn í 180° heitan ofn þar til osturinn hefur bráðnað og fengið fallegan lit. Þetta er alveg svaka-

lega gott. Miklu betra en ég hafði ímyndað mér þegar ég heyrði lýsingu á þessu fyrst.

Ég skora á systur mína, Huldu Björk Veturliadóttur til að vera næsti sælkeri.

ni – köfunargúrú og reddari

er líka svo skemmtilegt að kenna öðrum, það er svo gaman að sjá gleðina hjá fólki þegar það er að prófa þetta í fyrsta skipti, upplifa þetta allt í fyrsta sinn. Mér finnst mjög gaman að miðla reynslunni, leiðbeina bæði byrjendum og líka þeim sem eru aðeins lengra komnir.“

– Oft hef ég hugsað um það á lífsleiðinni að gaman væri að prófa köfun, en það verður víst ekki úr þessu.

„Það eru nú líka eldri menn að kafa, kannski ekki margir, en það er alveg þekkt. Kannski ekki að menn séu að byrja um sjötugt, þeir hafa þá verið lengi í þessu og kafa bara við bestu skilyrði og mjög oft út frá bát sem er auðvelt að fara út úr og upp í aftur.“

Námskeið og búnaður kosta hálf milljón

– Er búnaðurinn ekki óskaplega dýr og líka dýrt að læra þetta?

„Fyrsta námskeiðið kostar níutíu þúsund. Það er yfirleitt fjórir-fimm dagar ef allir komast á sama tíma og enginn er kvefaður og aðstæður eru góðar. Þá er hægt að ná þessu á fjórum dögum. Á fimmtudegi er bara bóklegt, á föstudegi er farið í sundlaug og teknar kafanir þar og gert svólítið af æfingum. Það er mjög þægilegt að kynna búnaðinum í sundlauginni. Svo er farið í sjóinn næstu tvo daga og teknar fjórar kafanir í sjó. Þetta er mjög auðvelt nám. Þeir sem lesa líka bækurnar vel ná alveg prófunum.

Búnaðurinn kostar svo eitthvað um fjögur hundruð þúsund. Námskeið og nýjar finar græjur kosta því um hálf milljón. Þá erum við að tala um nýjar græjur sem duga mörg, mörg ár ef hugsað er vel um þær, passað að skola þær vel með ferskvatni og hengja upp til þerris.“

– Hvað er hægt að kafa djúpt án þess að þurfa að fara mjög hægt upp á yfirborðið aftur og stoppa jafnvel á leiðinni vegna hættu á kafaraveikinni svokölluðu?

„Þú getur farið nokkuð djúpt, en 40 metrar er hámarksdýpi sem reyndir sportkafarar með djúpköfunarréttindi mega fara á. En ef þú syndir mjög hratt niður á dýpið og syndir strax rólega upp aftur gætir þú sloppið við öll einkenni köfunarveiki, en við mælum ekki með því.

Það er líka spurningin hvað þú ert lengi á viðkomandi dýpi áður en þú ferð upp. Niður að tíu metrum ertu með mikinn tíma og getur farið upp og niður nánast að vild,

en þó er langöruggast að fara alltaf hægt upp óháð dýpi. Svo erum við með töflur og tölvur sem segja þér hvað þú mátt vera lengi á hvaða dýpi fyrir sig. Maður fer bara rólega upp og tekur afþrýstistopp, eins og það heitir. Til dæmis á um 18 metrum máttu vera um 40 mínútur áður en þú þarft að fara upp. Svo er bara að synda rólega, ekki hraðar en 18 metra á mínútu, upp á sirka fimm metra og bíða þar í um fimm mínútur, þá er maður öruggur ef allt hefur verið gert rétt.“

Bara að anda rólega

„Allir kafarar nota tölvu í dag, hún er yfirleitt höfð á úlnliðnum. Hún segir þér á hvaða dýpi þú ert hverju sinni og hvað þú mátt vera lengi á því dýpi og hvað þú mátt vera lengi í viðbót. Eftir því sem þú ferð dýpra er tíminn styttri sem þú mátt vera niðri. Þetta er ekkert vandamál, þú bara fylgir tölvunni, jú og svo auðvitað fylgumst við með loftinu hvor hjá öðrum líka. Svo er bara að anda rólega, skoða alla



dýrðina og njóta sín og fljóta áhyggjulaus um undirdjúpin með félaganum og skoða litlu vinina á botninum, já og vera ekkert að flýta sér.“

– Hefurðu kafað erlendis, til dæmis í ljósblágrænglærum sjó við pálmastrendur eins og á myndum?

„Ég hef einu sinni farið út að kafa. Við fórum saman við strákurinn minn, sem er núna rétt að verða tvítugur. Hann er kominn með grunnréttindin PADI Open Water sem hann tók 2009. Við fórum til Spánar 2010 og þar köfudum við saman niður á flugvélarfлак og skipsflak og ýmislegt fleira. Við leigðum bara búnað og fórum í skipulagða köfunarferð með fleira fólki. Það var rosagaman.“

Viða eru skipsflök að skoða



– Hefurðu kafað niður að einhverjum skipsflökum hér við strendur?

„Já, það er mjög flott flak í Pollinum á Akureyri sem er alltaf kallað bara Skútan. Ég er búinn að kafa mikið þar. Líka hef ég kafað niður að olúskipinu El Grillo sem var sökk í Seyðisfirði í stríðinu. Það er á miklu dýpi, fjörutú metra dýpi.“

Svo eru líka flök hérna í Álftafirðinum við Súðavík. Þar er til dæmis skúta sem liggur í bratta á fjögurra til tíu metra dýpi. Það er gaman að skoða hana. Hún er þakin þara svo að hún sést ekki vel nema frá einu sjónarhorni. Svo eru eitt og eitt flak á stangli sem hægt er að skoða, þar á meðal flök sem ég er ekki búinn að skoða. Mjög gaman að kafa í flakinu af Kolbrúnu ÍS í Mjóafirði. Næsta flak sem ég ætla að skoða er grænlenstur togari sem fór niður inni á Patreksfirði, að mig minnir 1981. Hann liggur þarna á eitthvað um 35 metra dýpi á hvítum sandi. Ef maður hittir svo á að það er ekki mikill straumur, þá er frábært að kafa niður að honum.

En það vantar fleiri flök hér á Ísafjörð. Við höfum verið að reyna að fá að sökkva skipum hérna til að nota við kennslu og fyrir túrista. En það er bara eiginlega ógeringur, eiginlega borin von, það þarf svo mikið af leyfum. Draumurinn er samt að fá að sökkva einhverju skipi niður á þrjátíu metra á hvítum sandi einhvers staðar hérna í grenndinni.

Síðan er Djúpið fullt af flökum eins og allir vita, en þau eru yfirleitt á meira en sjötíu metra dýpi. Sportkafararéttindin eru niður á fjörutíu metra dýpi. Allt þar fyrir neðan er það sem kallað er tækniköfun. Það er auðvitað vel gerlegt, menn eru að kafa alveg niður á hundrað og fimmtíu metra. Þá þarf bara að hafa nauðsynlega menntun í tækni og viðeigandi búnað og loftbirgðir sem eru blanda af mismunandi lofttegundum. Það á enginn að fara svona djúpt nema hafa tilskilin réttindi og búnað.“

Menn tala eins og Andrés Önd

– Ertu með fjarskiptatæki þegar þú ert að kafa?

„Ég á svoleiðis. Þetta er svona heilgríma. Ég get talað við þann sem er við hliðina á mér ef hann er með eins tæki og ég. Þegar maður er með svona heilgrímu, þá er pláss fyrir framan andlitið þannig að maður gæti alveg verið með tyggjó eða nammi.“

– Dettur í hug varðandi það að tala saman neðansjávar: Er það rétt að menn tali eins og Andrés Önd ef þeir anda að sér helíum eða helíumblöndu?

„Já, það er alveg rétt. Eftir því sem þú ferð dýpra, þá breytist röddin meira, og þegar þú ert kominn niður á tuttugu til þrjátíu

metra, þá ertu farinn að tala eins og Andrés Önd. Það er mjög fyndið að tala saman þegar svoleiðis er.“

Fullt af tækifærum varðandi ferðamenn

Sveinbjörn hættir í Hafnarbúðinni í lok apríl eftir rúmlega sex ára starf og hyggst fara að einbeita sér að köfunarkennslu og köfunarferðum í sumar.

„Svo á ég inni fæðingarorlof í einn mánuð og síðan sumarfrí í sirka mánuð, þannig að ég verð með kaup í maí og júní. Þá ætla ég að reyna að byrja með kennsluna af fullum krafti og jafnframt að reyna að fá einhverja ferðamenn til að koma hingað til að kafa.“

Það er alveg upplagt að kafa hér á sumrin. Þá er hjart nánast allan sólarhringinn, þannig að menn geta alveg farið eftir vinnu að kafa. Ég get alveg farið að kenna eftir klukkan sex þegar menn eru búnir í vinnu. Þetta verður bara ævintýri. Ég sé alveg fullt af tækifærum í þessu varðandi ferðamenn.

Síðan langar mig líka að fara til Skotlands í lok sumars og taka atvinnukafaranámskeið. Það tekur einn mánuð og kostar um eina milljón. Þá get ég líka farið að vinna eitthvað við fiskeldið sem fer vaxandi hér fyrir vestan núna, það eru mikil tækifæri í þeirri grein. Svo auðvitað eru skip og bátar að fá í skrófuna og þá þarf atvinnukafara til að skera úr. Hér á Ísafirði eru í dag tveir atvinnukafarar með réttindi, þannig að ég mun verða ágætis viðbót. Auðvitað geta komið upp atvik þar sem hinir tveir kafararnir eru ekki á staðnum og þá er gott að vera klár í slaginn. Ég stefni á að vera með alhliða köfunarþjónustu, köfunarkennslu, köfunarferðir og atvinnuköfun.“

Kallinn vinnur bara helvíti vel undir pressu

Snúum okkur þá að hinum landsfræga Simba í Hafnarbúðinni, sem var stöðugt að leika hin og þessi orðtök og orðalag á myndum á Facebook.

– Hvernig kom það til?

„Þetta byrjaði fyrir rétt um ári síðan. Þá var rólegt að gera í búðinni eins og alltaf á þessum árstíma, febrúar og mars eru rólegustu mánuðirnir í búðunum, og ég lét taka mynd af mér þar sem ég var undir loftpressu. Setti svo myndina á Facebook og skrifaði með: Kallinn vinnur bara helvíti vel undir pressu. Hún fékk mjög mikla athygli, mjög margir sem lækuðu eins og sagt er, og svo hélt þetta bara áfram. Ég held að þetta hafi verið góð auglýsing fyrir búðina, þetta fór um allt land, og ég setti kraft í þetta og var með þetta á hverjum degi í um 270 daga í röð, geri aðrir betur.“

Það var ekki neitt plan þegar



ég byrjaði. Ég sá bara eftir að ég byrjaði að þarna væri möguleiki á skemmtilegum auglýsingum eins og enginn hafði gert áður. Svo fór náttúrulega að verða erfitt að finna alltaf nýja orðaleiki og orðtök, það voru komnar eitthvað um þrjú hundruð myndir. Og svo þegar kom fram á vetur fór veðrið að skemma fyrir mér og þegar ég var búinn að vinna var komið myrkur. Þetta var orðið erfitt í restina. En það var gaman að fá kannski þúsund læk við eina mynd og alltaf var þetta Simbi í Hafnarbúðinni.

En núna er þetta bara að verða gott, árið komið og um 300 myndir. Síðan mín verður opin áfram og ég mun alltaf setja eina og eina mynd inn, ég er ennþá með fullt af hugmyndum sem ég á eftir að vinna í.

Ég ætla svo að nota mér þessa hugmynd þegar ég fer að kenna. Ég er með nærri þrettán þúsund og fjögur hundruð fylgjendur á Facebook. Það er mjög gott.“

Reiðhjólareddarinn

Undanfarin ár hefur Sveinbjörn verið helsti reiðhjólaviðgerðamaðurinn á Ísafirði og ætlar sér að vera það áfram núna í vor og í sumar. Hann er með lítið verkstæði í Hafnarstrætinu þar sem Skóbúð Leós var á sínum tíma. „Sú vinna hefur verið svona smá aukavinna með Hafnarbúðinni. Ég var alltaf með viðgerðirnar í búðinni til að byrja með. Fólk hefur verið duglegt að gefa mér notuð hjól sem ég blæs svo nýju lífi í og sel svo yfirleitt aftur á sanngjörnu verði. Svo kaupir maður alltaf nokkur góð hjól. Þannig að í hjólabraskinu hef ég verið duglegur að redda fólki, eins og stendur í símaskránni.“

Allt opið varðandi snyrtistofu á ný

Eins og áður sagði er Sóley Huld Árnadóttir snyrtifræðingur eiginkona Sveinbjarnar og börnin orðin fjögur.

„Ég á hann Hjálmar Fornar frá fyrra sambandi og hef verið með forræði yfir honum frá því hann var eins árs. Við Sóley fórum að vera saman 1997 þegar hann var þriggja ára, þannig að hún er mamma hans klárlega. Í mars 1999 eignuðumst við hann Andra Fannar, í september 2002 eignuðumst við hann Sindra Frey og svo loks hana Hrafnhildi Söru í júlí 2012.

Þegar við komum vestur byrjaði Sóley að vinna hjá Stebba Dan og var með litla snyrtistofu hjá honum. Svo hætti hún hjá Stebba og við opnuðum snyrtistofu heima, bættum við okkur nokkrum herbergjum í leigu þar sem við bjuggum þá í Aðalstræti 11 og smíðuðum þar inn heila snyrtistofu. Sóley var með stofuna í nokkur ár eða þangað til hún varð ólétt núna fyrir tveimur árum, þá hætti hún. Svo er bara

að sjá til hvað hún gerir. Hún á allt dótið sitt til að reka svona stofu. Núna er hún að vinna í Pennanum-Eymundsson og líkar vel þar, en það er allt opið í framtíðinni.“

Að kafa eftir mat og elda í fjöruborðinu

Sveinbjörn sagðist veiða í matinn þegar hann er að kafa, en það er öllu meira á þrjónunum hjá honum í þeim efnum. Varðandi þær hugmyndir var hann í Landanum hjá Gísla Einarssyni 10. desember í fyravetur, í þætti númer 100, sem finna má í Sarpinum á vef RÚV. Þar voru til umræðu þau áform Sveinbjarnar að bjóða ferðamönnum að kafa eftir fæðu og elda hana í fjöruborðinu eða næsta nágrenni. Hugmyndin kviknaði hjá Alan Daverell, erlendum nema við Háskólasetur Vestfjarða á Ísafirði.

„Svo var líka talað við mig um þetta verkefni í BB Sjónvarpi, sem er hægt að sjá inni á BB-vefnum. Sá þáttur heitir *Frá köfun í maga*. Mig langar að fara í þetta í tengslum við kennsluna og ferðamennina, einkum að gera út á köfunarferðir og skeljatínslu í leiðinni. Matís studdi mig við þetta verkefni með svolitlum fjárstyrk. Ég er búinn að skoða fjölda staða hérna í kring með þetta í huga.

Ég sé rosalega mikla möguleika í köfunartengdri ferðapjónustu. En þetta er dýrt start, maður þarf svo mikinn búnað til að gera þetta. Ég þarf að eiga allan búnaðinn bæði fyrir nemendurna og ferðamennina. Það er mikið atriði að búningurinn passi sem best, þannig að ég verð að hafa ýmsar stærðir tiltækar. Þú getur fengið einn nemanda eða viðskiptavin í köfunina sem er einn og fimmtíu og svo annan sem er tveir metrar. Maður þarf að vera með tíu-fimmtán búninga.“

Hjónin Jörundur hundadagakonungur og Trampe greifi

En það er fleira á döfinni hjá Sveinbirni Hjálmarssyni, og það alveg á næstunni.

„Litli leikklúbburinn er að fara setja upp núna eftir mánaðamótin leikritið *Þið munið hann Jörund* eftir Jónas Árnason undir leikstjórn Víkings Kristjánssonar leikara. Þar er ég að fara að leika Jörund sjálfan og konan mín leikur Trampe greifa. Fjölskyldulífið er þess vegna mikið í Edinborg þessa dagana. Það stefnir í alveg þrælskemmtilega sýningu sem enginn má missa af.“

– hpm.

Auglýsinga-síminn er 456 4560



Svipað tjald og forsvarsmenn hátíðanna vilja kaupa.

Vilja kaupa 700 m² tjald

Aðstandendur þriggja stórra viðburða í Ísafjarðarbæ hafa óskað eftir því að Ísafjarðarbær komi að kaupum á 700m² uppblásnu tjaldi til að hýsa viðburðina. Í bréfi til bæjarráðs frá Ómar Helgasoni f.h. Aldrei fór ég suður, Jóni Páli Hreinsyni f.h. Mýraboltans og Kristbirni Sigurjónssyni f.h.

Fossavatnsgöngunnar, segir að vöntun á stóru húsnæði hafi í nokkur ár staðið menningar- og íþróttahátíðum í bænum fyrir þrifum, þá sérstaklega Aldrei fór ég suður, Mýraboltanum og Fossavatnsgöngunni. Leitað hefur verið ýmissa leiða sem allar hafa hingað til þótt

of dýrar, en nú telja bréfitarar að góð lausn sé fundin til næsta áratugar eða svo.

Hugmyndin er að keypt verði 700m² uppblásið tjald og annað 120 fermetra þjónustutjald frá Kína. Áætlaður kostnaður við kaup og flutning er sjö milljónir króna. Tjaldið yrði síðan nýtt af þessum þremur hátíðum en mögulegt er að nýta það til annarra hátíða eins og t.d. Sæluhelgarinnar á Suðureyri eða Dýrafjarðardaga á Þingeyri ef áhugi er fyrir hendi, en ekki hefur enn verið sérstaklega rætt við forsvarsmenn þeirra hátíða. Tjaldið yrði til að byrja með í eigu Aldrei fór ég suður, en síðan yrði stofnað

sér félag utan um rekstur þess og yrði félagið í eigu þessara þriggja hátíða.

Lagt er til að kaupin verði fjármögnuð með eftirfarandi hætti: Ísafjarðarbær styrkir hátíðarnar þrjár um leigu og uppsetningu á tjaldinu fimm ár fram í tímann. Einnig getur bærinn lánað tjaldið í nokkra daga þess utan, t.d. á önnur íþrótt- eða menningarmót, og yrði þá eingöngu greiddur kostnaður við uppsetningu en daggjaldið yrði hluti af samningnum. Bæjarráð tekur jákvætt í hugmyndina og hefur falið Daníel Jakobssyni að skoða málið betur.



Þolir vestfirsk vetrarveður

Tjaldið sem Aldrei fór ég suður, Mýraboltinn og Fossavatnsgöngunnar vilja kaupa verður í samræmi við brunavarnar-kröfur og þolir vestfirsk vetrarveður. Ómar Helgason, einn skipuleggjenda Aldrei fór ég suður, segir að tjaldið sé úr eldvörðu PCV tarpaulin efni. „Tjaldið er hannað með tilliti til útgönguleiða og gert ráð fyrir að útgönguleiðir verði ríflegar, það er að segja, þær anna fleira fólki en getur komist inn í tjaldið,“ segir Ómar. Tjaldið þolir mikinn vind og samkvæmt framleiðanda er ekki mælt með að því sé tjaldað fari vindur yfir 30 m/sek.

„Ég hef bedið um að fá fleiri festingar og stög en þeir gera ráð fyrir í sinni hönnun til að

það standi enn traustar í miklum vindi.“ Tjaldið er uppblásið og eru veggirnir meters þykkir og skiptist tjaldið í átta hólf. Við hvert hólf er tengdur loftblásari. Blásararnir eru í gangi á meðan tjaldið stendur uppi og lítil hljóðmengun frá þeim. Ómar segir að hönnunin byggi á sömu atriðum og uppblásnir hoppukastalar sem margir kannast við. „Ef tveir eða þrjú blásarar bila eða það kemur gat á eitt hólf þá hefur það engin varanleg áhrif fyrr en eftir marga klukkutíma og því nægur tími til að bregðast við. Það fylgir tjaldinu bráðabirgða viðgerðarsett til að gera við á staðnum og að auki þá gerum við ráð fyrir að kaupa tvo auka blásara ef það kemur upp bilun.“

Ef rafmagnið fer af og allir

blásarar detta út segir Ómar að auðvelt sé að keyra blásarana með ljósavél og þar að auki lekur loftið ekki hratt úr tjaldinu. „Það eru einstefnulokar á loftinntökunum sem blásararnir eru tengdir við þannig að við höfum tvo til þrjú tíma áður en það fer að síga verulega ef svo ólíklega vill til að við getum ekki keyrt blásarana með ljósavél. Ef það kemur til þess að við verðum að fella það í flýti vegna veðurs þá verður opnað fyrir einstefnulokana og það fellur á nokkrum mínútum.“ Tjaldið er 20 metrar á breiddina og 35 á lengdina og lofthæðin er 6 metrar út við vegg og 7,5 metrar við mæni og það er með valmáþaki.

– smari@bb.is

Sportið í beinni...

Föstudagur 28. mars

kl. 19:00 Valero Texas Open

Laugardagur 29. mars

kl. 12:45 Man. Utd - Aston V

kl. 15:00 Espanyol - Barcelona

kl. 15:00 Crystal P - Chelsea

kl. 15:00 Stoke - Hull City

kl. 15:00 South.pt. - Newcastle

kl. 15:00 WBA - Cardiff

kl. 15:00 Swansea - Norwich

kl. 17:30 Arsenal - Man. City

kl. 21:00 Real M - Rayo V.

Sunnudagur 30. mars

kl. 12:30 Fulham - Everton

kl. 15:00 Liverpool - Tottenham

kl. 17:00 Valero texas Open

Mánudagur 31. mars

kl. 19:00 Sunderland - West H.

Dagar Íslands

27. mars 1963: Mikill jarðskjálfti, um sjö stig, fannst víða um land. Upptökin voru norður af mynni Skagafjarðar.

Fólk næst upptökunum varð óttaslegið og sumir flýðu hús.

28. mars 1956: Samþykkt var á Alþingi, með 31 atkvæði gegn 18, að bandaríska varnarliðið skyldi hverfa úr landi, enda yrði hér ekki er á friðartímum.

Í nóvember var ákveðið að fresta viðræðum um brottför liðsins vega hættuástands í heiminum.

29. mars 1985: Maður frá Akureyri féll í jökulsprungu í Kverkfjöllum í Vatnajökli.

Honum var bjargað eftir að hafa legið þar í 32 tíma.

30. mars 1985: Staðfest var að mótefni gegn eyrniveiru (AIDS) hefðu í fyrsta sinn greinst í blóðsýni Íslendinga.

31. mars 1990: Viðbygging við Háskólabíó var tekin í notkun. Þá fjölgaði sýningar-sölum úr einum í fimm, með 1.792 sæti alls.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Hæg suðlæg eða breytileg átt, víða léttskýjað og hiti í kringum frostmark.


Horfur á laugardag:

Hæg suðlæg eða breytileg átt og víða léttskýjað norðan til. Víða frostlaust að deginum, en víða frost í innsveitum.

Horfur á sunnudag:

Hæg suðlæg eða breytileg átt og víða léttskýjað norðan til. Víða frostlaust að deginum, en víða frost í innsveitum.

Krossgátan

			1	2	3	4	5	6	7	8	9
	Kinn Skýli	↘			Titill	↘	Átt	↘	Þreytt	Óhreinindi	↘
	Ernina				Mæða					Óværan-anna	
	Kona								Landbára		
Jón Steingr.	↓	Flanar					Ryk				
		Farlama					Bremsu				
Auli		2							5		Brjóst-nál
Mjólkur-flátið											
→						Skríð-dýrið					
				✓		Keyrði					
Fugl		6			Ódregur						
					Peningar Tala						
Átt			Tré					Svar			
Tafl-maður			Rýju					Tvíhlj.			
→						Þreyta					
						Æð					
Ríki	↕→				7		Eins			Einn	
							Dálítið			Sviptur	
Fimm	1	Farvegur						Næst S			Nef-tóbaki
		Lumbra						Lengdar			
4	↘				Skaða Viljug				→		8
					Svardagar						
Launaði			Sögn			Stök					
Óreiða			Hrygg			Einn					
					✓						
Skeit	↘									↘	Strax
		Kvakað									
→						Þráðar	3			Flýtir	
						Eink.st. skipa					
Vesæla						Flik					Þessi
Lang-amma Hvarms						Sérhlj.					↘
→							9		Dreifi		

BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is



Gámapjónusta
Vestfjarða ehf

ÁSINN

2x10 lítra
á sleða + karfa.
Mál: 25 x 38/35cm



Sími: 456 3710
gamarvest.is

Lausn á síðustu krossgátu

		Á	O			G					
		⇒ F	Æ	R	↻	G	Ó	A			
		Á	S	T	S	Æ	L	L			
		T	A	P	P	I		E			
Jón Steingr.	↓			E	T	N	A	A	N	K	I
	S	K	E	L	F	D	U	R	N	Á	Ð
Á	T	A	L		M	A	S	K	A		A
	I	L	L	I		R	A	↓	L	K	
K	L	E	I	N	A			Í	T	A	K
	L	I		N	U	F	A	↓	A	M	R
Ú	T	K	A	L	L	I		Ó	N	E	I
	U		R	E	I	M	A	Æ		S	S
	↻	P	I	G	⇒	M	A	Ð	U	R	T
F	L	Ö	S	G	R	Ó		R		A	U
	E	G	Ó		U	N	S	I	Ð	U	R
	T	N	N	A	D	N	E	↻	E	S	
H	I	K	A	Ð	D			K	L	É	N

Sudoku prautilir

			2					1
					5		2	4
		1				7		5
	5	9		1				7
		6				3		
3				4		6	1	
9		3				1		
5	8		7					
1					6			

		5		4	9			
							5	4
2			6		3	7		
3	6			8		1		
	9						6	
		1		6			8	9
		3	2		6			5
6	7							
			7	9		3		



Árnað heilla

Þorgerður Hermannsdóttir, Hlíf 1 á Ísafirði, verður áttæð fimmtudaginn 3. apríl nk.

Í tilefni af því býður hún og fjölskylda hennar, vinum og vandaðmönnum til kaffisamsætis í Nausti, sal eldri borgara á Hlíf, milli kl. 15 og 18, laugardaginn 5. apríl.

Samningsdrög liggja fyrir

Samningaviðræður Ísafjarðarbæjar og Hjallastefnunnar ehf. eru vel á veg komnar og voru samningsdrög lögð fyrir bæjarráð á fimmtudag. Samningsdrögin snúa að yfirtöku Hjallastefnunnar á rekstri leikskólans Eyrarskjóls. Gísli Halldór Halldórsson, formaður bæjarráðs, segir að samningaviðræðurnar snúist aðallega um verð en einnig að það sé tryggt að öllum lögum um rekstur leikskóla sé fylgt. Hann telur að það sé stutt í að samningur náist.

Mikill vilji er bæði hjá meirihluta bæjarstjórnar og starfsfólki Eyrarskjóls að Hjallastefnan taki yfir rekstur skólans.

Íbúðir ÍLS verði settar í útleigu

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur falið bæjarstjóra að þrýsta á það við Íbúðalánasjóð að fasteignir í Ísafjarðarbæ í eigu ÍLS skuli settar í útleigu. Á fundi bæjarstjórnar fyrir helgi kom fram að Íbúðalánasjóður eigi mikinn fjölda íbúða sem eru flestar í sölumæðferð en standi auðar og ónotaðar. Á vef ÍLS segir að stofnunin vinni kerfisbundið að því að meta og skrá íbúðir.

smáar

Óska eftir gönguskiðum og skóm nr. 34-35. Uppl. í síma 698 3631.

Lionsklúbbur Ísafjarðar heldur árlegt skemmtikvöld á Hlíf, föstudaginn 28. mars kl. 20:00. Veitingar, upplestur, tónlist, bingó og fleira. Allir eldri borgarar eru hjartanlega velkomnir.

Þjónustuauglýsingar

JAKOB VALGEIR EHF
 Grundarstíg 5
 415 Bolungarvík
 450 7700

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
 Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

66°N Sjóvinnufatnaður
 Stígvél og vettlingar
 Þjónusta í heimabyggð 1983-2013

GÖX HÚSASMÍÐI EHF
Öll almenn húsmíði
 Bolungarvík
 456 7080 • 893 9362 • 690 1060
 Umboðsaðili fyrir **GLERBORG**

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði www.verkvest.is

VERK VEST

ENDURSKOÐUN VESTFJARÐA ehf
 Sími í Bolungarvík 450 7900
 Sími á Ísafirði 450-7910
 Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Bílasala 456 3800
Bílaverkstæði 456 4580
BÍLATANGI HF. ÍSAFIRÐI
 Suðurgötu 9


Kampi EHF
 Rækjuvinnsla:
 Sindragötu 1 • 400 Ísafjörður • Sími: 450 4000
 Fiskvinnsla:
 Hafnargötu 90 • 415 Bolungarvík • Sími 450 7507 / 863 2600

HRADFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
 - stjálfræðing stjórnaudlunda

TENERIFE ALMERÍA COSTA BRAVA BARCELONA BENIDORM ALBÍR ALICANTE BORG MADEIRA ÚRVALSFÖLK

ALMERÍA

Falda perlan við Miðjarðarhafið



**SKANNAÐU KÓÐANN OG
SKOÐAÐU BÆKLINGINN**
EINNIG Á UU.IS/SUMAR

Komdu við hjá okkur í Hlíðasmára 19,
Kópavogi og nældu þér í eintak

